



Termix One tengigrind

Tengigrind til hitunar á neysluvatni

Notkun

Víðað á Íslandi eru uppleyst efni í hitaveituvatninu sem notað er til hitunar eða neyslu. Þessi efni geta valdið útfellingum í lögnum og stjórnbúnaði. Samkvæmt heilbrigðisreglugerð er hitaveituvatn ekki flokkað sem neysluvatn. Yfirleitt eru þessi efni talin skaðlaus, en með tímanum fara þau að hafa áhrif á stjórnbúnað hitakerfa og trufla þannig virkni stjórnbúnaðarins. Hægt er að komast hjá þessu með því að nota varmaskipti sem notar "óhreina" hitaveituvatnið til þess að hita upp hreint ferskvatn til neyslu.

Termix One tengigrindin leysir þetta vandmál þar sem hitaveituvatnið er leitt gegnum varmaskipti sem hitar upp ferskvatn til neyslu. Það gerir húseigendum kleift að stilla hitastig heita neysluvatnsins þannig að hætta á brunaslysum minnkar verulega. Einnig er komið í veg fyrir kísilútfellingu á hreinlætis- og blöndunartæki, sem gerir þrif mun auðveldari, svo ekki sé talað um hina alkunnu hveralykt sem hverfur.

Búnaður

Termix One tengigrindin er til í tveim mismunandi útfærslum. Önnur gerðin (sjá mynd hér að ofan) er með AVTQ þrýstistýrðum hitastilli. Þessi tegund er eilíftið dýrari en á móti kemur mun nákvæmari og hraðvirkari hitastýring.

Í hinna gerðinni er hitanum stjórnað með AVTB hitastilli og s.k. skynjunarhraðli sem flýttir mjög öllum viðbrögðum AVTB stillisins. Verð á þessari útfærslu er heldur lægra.

Báðir hitastillarnir eru með áratuga reynslu við íslenskar hitaveituaðstæður.

Sérstök athygli er vakin á því að Danfoss framleiðir margar gerðir af tengigrindum, t.d. sem aðeins eru fyrir heitt neysluvatn, snjóbræðslur, ofna- eða gólfhitun og grindur sem eru bæði fyrir neysluvatn og hitun í húsnæði af hvaða stærð og gerð sem er.

Efni

Öll rör og plötur í varmaskipti Termix ONE tengigrindarinnar eru úr ryðfríu stáli. Allar roratengingar eru skrúfaðar og með völdum gæðapéttingum.

Með grindinni fylgir snyrtilegur skápur úr grálökkuðu stáli til þess að hylja hana á veggnum (sjá mynd að ofan).

Termix One tengigrindin er, eins og allar tengigrindur frá Danfoss, afar auðveld í uppsetningu og notkun.


Helstu eiginleikar

- Stillanlegt hitastig
- Stórminnkuð slyshætta
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu vatni
- Enginn kísill á flísum og blöndunartækjum
- Lengri líftími blöndunartækja
- Lítil viðhaldskostnaður
- Auðveld í uppsetningu

Termix One tengigrind



Tengimynd - dæmi



- B. Varmaskiptir
8. AVTQ þrýstistýrður hitastillir
32. Þrýstistýring fyrir AVTQ


Tæknilýsing:

Vinnuþrýstingur:	PN 16
Hitastig veituvatns:	$T_{max} = 120\text{ °C}$
Þrýstingur á köldu vatni:	$P_{min} = 0,5\text{ bar}$
Lóðefni í varmaskipti:	Kopar
Þyngd með hlíf:	10 - 12 kg (með umbúðum)
Mál án hlífar:	H 468 x B 312 x D 155
Mál með hlíf:	H 470 x B 315 x D 165
Stjórnun:	AVTQ þrýstistýrður hitastillir eða AVTB hitastillir
Vörunúmer með AVTQ:	IS99116960
Vörunúmer með AVTB:	IS99116903

Stærðir tenginga:

Kalt neysluvatn (1)	20 mm hlaupró
Upphitað neysluvatn (2)	20 mm hlaupró
Hitaveita framrás (3)	20 mm hlaupró
Hitaveita bakrás (4)	20 mm hlaupró

Málsetning á tengingum séð ofan frá



Nánari upplýsingar um stjórnbúnað er að finna á
hitasíðu Danfoss <http://hiti.danfoss.is/>

Neysluvatnsgrind með AVTB eða AVTQ

Afköst kW	Framrás °C	Bakrás °C	Flæði l/min
100	75	19	30
74	65	23	22

Danfoss hf • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss hf tekur ekki ábyrgð á hugsanlegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu máli. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvörunar, þar á meðal á vörum sem eru í þöntun, svo framarlega sem það veldur ekki breytingum á umsömdum gildum. Öll vörumerki í tæknilyðingunum tilheyra viðkomandi fyrirtækjum. Danfoss nafnið og Danfoss vörumerkið eru eign Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.